



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um flutningi á verkefnum meindýravarna Reykjavíkurborgar til Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarstjórnar þann 6. desember 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

„SBPC-30 Tillaga vegna flutnings á þjónustu meindýravarna til Dýraþjónustu Reykjavíkur. Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið og íþróttasvið skoði rekstrarfyrirkomulag og flutning á starfsemi meindýravarna Reykjavíkurborgar til Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar.“

Tillagan var samþykkt á fundinum. Umhverfis- og skipulagssvið og menningar- og íþróttasvið hafa lokið við að skoða rekstrarfyrirkomulag og flutning sbr. framangreinda tillögu. Meðfylgjandi er tillaga varðandi flutning verkefna meindýravarna Reykjavíkurborgar til Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar ásamt greinargerð.

Virðingarfyllt,

Guðmundur B. Friðriksson

Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða



Tillaga um flutningi á verkefnum meindýravarna Reykjavíkurborgar til Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar ásamt greinargerð

Á fundi borgarstjórnar þann 6. desember 2022 var lögð fram eftirfarandi tillaga:

„SBPC-30 Tillaga vegna flutnings á þjónustu meindýravarna til Dýraþjónustu Reykjavíkur.

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið og íþrótt- og tómstundasvið skoði rekstrarfyrirkomulag og flutning á starfsemi meindýravarna Reykjavíkurborgar til Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar.“

Tillagan var samþykkt á fundinum. Umhverfis- og skipulagssvið og menningar- og íþróttasvið hafa greint rekstrarfyrirkomulag og flutning í samræmi við tillöguna. Eftirfarandi eru tillögur ásamt greinargerð:

1. Lagt er til að meindýravarnir Reykjavíkurborgar verði lagðar niður og verkefni þeirra flutt til Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar frá og með 1. janúar 2024. Tíminn fram að því verði nýttur til frekari undirbúnings og skilgreiningu nýrra starfa innan einingarinnar.
2. Við núverandi aðstæður í FHG er ljóst að bæta þarf við aðstöðu til þess að af sameiningu megi verða. Í þessu felst m.a. að bæta við einum skrifstofugámi í gámastæðu í Húsdýragarði. Sá gámur er þegar til og í eigu RVK. Áætlaður kostnaður við að koma honum fyrir og tengja hann öðrum gámum er 1,2 m.kr. Þá þarf að ljúka við að reisa geymsluskemmu sem þegar hefur verið keypt í garðinn til þess að geyma tryggilega efni og áhöld sem tilheyra rekstri meindýravarna. Áætlaður kostnaður vegna þessa eru 5 m.kr, og lagt er til að sú upphæð verði færð af fjárfestingarlið FHG fyrir 2023.
3. Núverandi starfsemi meindýravarna Reykjavíkur verður lögð niður og gengið frá starfslokum við starfsfólk. Þrjú stöðugildi meindýravarna flytjast yfir til Dýraþjónustunnar, ásamt sumarafleysingu. Gengið verði út frá að ný störf með breyttri starfslýsingu, vinnutíma og vaktarfyrirkomulagi verði auglýst haustið 2023.
4. Eftirfarandi fjárheimildir verði fluttar frá USK kostnaðarstað U9230 yfir á DÝR I8410 í fjárhagsáætlun 2024. Auk þess sem viðbótarfjárheimilda vegna innri leigu (1.5 m.kr) þurfa að koma nýjar í ramma. Einnig er óskað eftir heimild til að flytja fjárheimildir innan liða í fjárfestingaráætlun MÍR 2023¹.

REKSTUR MEINDÝRAVARNA		
	Áætl. fjárheimild 2024 (MÍR)	Fjárheimild 2023 (USK)
Fjárheimildir fluttar milli sviða	52.338.218	55.361.951
Nýjar fjárheimildir v. innri leigu MÍR	1.500.000	
Samtals fjárheimildir til reksturs Meindýravarna	53.838.218	

TILFÆRLSA Á FJÁRFESTINGARÁÆTLUN MÍR		
		Fjárf.áætlun 2023
Tilfærsla á fjárf.áætlun Mír 2023		6.200.000

¹ sjá nánari sundurliðun í greinargerð f. neðan.



Greinargerð með tillögu:

Dýraþjónusta Reykjavíkurborgar var stofnuð í upphafi árs 2021. Dýraþjónustunni er ætlað að sinna þjónustu við gæludýr og villt og hálfvillt dýr í borginni og sinna skyldum borgarinnar skv. lögum og reglugerðum sem varða dýrahald. Þegar tillögur að verkaskiptingu og innleiðingarátætlun vegna Dýraþjónustunnar var unnin af stýrihópi var niðurstaða hópsins að færa ekki meindýravarnir borgarinnar undir Dýraþjónustuna að sinni. Var það m.a. gert til að flækja ekki óþarflega vinnu við stofnun Dýraþjónustunnar en málefni kattahalds voru þó færð frá meindýravörnum til Dýraþjónustunnar.

Helstu verkefni meindýravarna Reykjavíkurborgar eru að sinna þjónustubeiðnum íbúa við eyðingu á rottum (220 tilfelli 2022) og músum (245 tilfelli 2022), eyðing á geitungabúum á opnum svæðum (97 tilfelli 2022) þar sem þeir eru til ama og skordýra hjá stofnunum borgarinnar (102 tilfelli 2022), minkaleit og veiðar á ref og mink (169 minkar veiddir 2022). Einnig sinna meindýravarnir handsömun særðra dýra og söfnun dýrahæja (151 beiðni 2022) í borgarlandinu, rétt eins og Dýraþjónustan. Dregið hefur verulega úr veiðum á sílamáf og svartbak sl. ár og grenjavinnslu refs var hætt á árinu 2022. Verkefni meindýravarna borgarinnar hafa á undanförunum árum færst frá því að vera almenn þjónusta við íbúa yfir í að þjónusta íbúa eingöngu varðandi rottur og mýs. Gengið út frá að dregið verði úr verkefnum sem tengjast músagangi hjá almenningi og þeim verkefnum vísað í frekara mæli til einkaaðila. Þjónustuverkefni meindýravarna borgarinnar við stofnanir borgarinnar og sem ráðgjafandi sérfræðingar hefur hins vegar aukist og meðal nýrra verkefna er gerð handbóka fyrir öll mötuneyti skóla og leikskóla borgarinnar. Þegar ráðast þarf í fækkun á kaninum hafa meindýravarnir borgarinnar sinnt þeim verkefnum með undanþáguheimild umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytisins og hefur sú vinna verið í nánú samstarfi við Dýraþjónustuna.

Ein af rökum þess að meindýravarnir voru ekki færðar undir Dýraþjónustuna við stofnun hennar voru möguleg viðbrögð gæludýraeigenda við því að tengja saman meindýr og gæludýr undir nýrri þjónustueiningu fyrir gæludýraeigendur. Dýraþjónusta borgarinnar hefur farið vel af stað og verið vel tekið af gæludýraeigendum og öðrum dýravinum. Undirritaðir telja ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af viðhorfi gæludýraeigenda þó svo verkefni meindýravarna yrðu færð undir þjónustuna. Nafnið meindýravarnir Reykjavíkurborgar má leggja niður og með því verður öll starfsemin rekin undir nafni Dýraþjónustu Reykjavíkur, hvert sem starfssvið einstakra starfsmanna hennar kann að vera. Með færslu verkefnanna er stigið frekara skref til þess að sameina dýramál borgarinnar og ná þannig aukinni yfirsýn og samlegð innan málaflokksins innan borgarinnar.

Meindýravarnir Reykjavíkurborgar eru staðsettar hjá Þjónustumiðstöð borgarlandsins við Stórhöfða 9. Með færslu meindýravarna undir Dýraþjónustuna þarf að færa starfsemina frá Stórhöfðanum til Dýraþjónustunnar sem staðsett er í Húsdýragarðinum í Laugardalnum. Hins vegar er aðstaða ekki fyrir hendi fyrir starfsmenn meindýravarna þar og bæta þarf við viðbótar gámaeiningu. Starfsfólk Dýraþjónustunnar og Húsdýragarðsins er í dag í sex gámaeiningum þar sem ekki hefur verið lokið við byggingu Náttúru- og fræðsluhúss með frístund en þar er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu til framtíðar. Gert er ráð fyrir að færa megi starfsemina í Laugardalinn áramótin 2024. Lager meindýravarna, þar sem geymd eru efni og áhöld til meindýravarna er við Þórðarhöfða, í húsnaði sem stendur til að fjarlægja. Gert er ráð fyrir að þeim þætti starfseminnar verði komið fyrir í geymsluskemmu innan Húsdýragarðsins sem þegar er til en á eftir að reisa, eins og áður hefur komið fram.



Meindýravarnir borgarinnar er fámenn eining, eingöngu þrjú starfsmenn, þar sem unnið er á vöktum og nokkurt óhagræði falið í smæð einingarinnar. Árið 2023 var hagrætt hjá meindýravörnum með fækkun starfsmanna úr fjórum í þrjú. Með flutningi meindýravarna til Dýraþjónustunnar má styrkja þá aðgerð enn frekar þar sem auðveldara verður að samnýta starfsfólk beggja eininga og nokkur samlegð er í nýtingu á aðstöðu og sérþekkingu starfsfólks. Sem leiðir til öflugri þjónustu þvert á verkefni. Verkefni þessara eininga eru ekki ólík, starfsfólk meindýravarna hafa reynslu af hluta af verkefnum Dýraþjónustunnar og öfugt en starfsfólk Dýraþjónustunnar þurfa hins vegar að sækja sér réttindi sem meindýraeyðar eigi þeir að geta sinnt þeim verkefnum. Gert er ráð fyrir að nýjar og breyttar starfslýsingar liggja fyrir í október 2023 sem og ný útfærsla á vinnutíma og vaktafyrirkomulagi. Í framhaldinu verði ný störf auglýst hjá Dýraþjónustunni.

Áætlaður kostnaður við færslu meindýravarna – stofnkostnaður og breyting á rekstrarkostnaði m.v. framangreindar breytingar á mannaúts og húsnæðismálum er eftirfarandi:

REKSTUR MEINDÝRAVARNA			
	Áætl. fjárheimild 2024 (MÍR)	Fjárheimild 2023 (USK)	Raunk. 2022 (USK)
Tekjur	-1.000.000	-1.000.000	-1.639.246
Laun	39.727.600	39.727.600	57.339.254
Starfsmannat. kostn (áætl)	370.618	370.618	370.618
Annar rekstrark.	13.240.000	13.240.000	14.910.012
Innri leiga stórhöfða		3.023.733	3.140.865
Samtals fjárheimildir fluttar milli sviða	52.338.218	55.361.951	74.121.503
Innri leiga gámur	1.500.000		
Samtals nýjar fjárheimildir til MÍR	1.500.000		
Samtals fjárheimildir til reksturs Meindýravarna	53.838.218	55.361.951	74.121.503

TILFÆRLSA Á FJÁRFESTINGARÁÆTLUN V. FLUTNINGS MEINDÝRAVARNA			
Fjárf.áætlun 2023			
Uppsetning á skemmu á og gámi - fjárfesting		6.200.000	
Samtals, tilfærsla á áætlaðri fjárfestingu Mír 2023		6.200.000	

Virðingarfyllt,

Guðmundur Benedikt Friðriksson
Skrifstofu umhverfisgæða

Þorkell Heiðarsson
Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar